



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2008  
Tilvísun: UST20080300106/bs

## **Frummatsskýrsla Bakkafjöruhafnar, Bakkafjöruvegar og grjótnáms á Seljalandsheiði.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindra framkvæmda.

Hér er um að ræða byggingu ferjuhafnar vestan ósa Markarfljóts. Einnig lagningu vegar frá Hringvegi 1 að Bakkafjöru um 11,8 km leið og gerð um 10 km námuvegur frá Þórsmerkurvegi að námusvæði á Seljalandsheiði. Efnisþörf er áætluð 1.135.000 m<sup>3</sup>. Þar af 500.000 m<sup>3</sup> úr grjótnámu á Seljalandsheiði. Annað efni verður að stærstum hluta tekið úr farvegi Markarfljóts.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frummatsskýrslu.

### **NÁMUVINNSLA**

#### **Námuvegur**

Ráðgert er að leggja um 10 km langan námuveg að grjótnámu á Seljalandsheiði. Vegslóði liggur nú þegar langleiðina að námunni og er ætlunin að styrkja hann og breikka í 7 metra. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að námuvegurinn verði ekki efnismeiri en nauðsyn krefur. Hann ætti helst ekki að vera breiðari en 5 metrar og ekki ætti að bera meira í veginn en burður og greiðfærni krefjast, þó mætti breikka veginn þar sem rétta þarf úr kröppustu beygjum. Vinnuvegir af þessu tagi geta orðið mjög áberandi ef ekki er reynt að takmarka efnisnotkun eins og kostur er. Einnig má benda á að námuvegir hafa tilhneigingu til að breikka og aflagast vegna þunga þeirra tækja sem um hann fara. Leggja ætti áherslu á að endurmóta veginn og snyrta að efnisflutningum loknum þannig að vegurinn falli betur að landi og vegurinn þjóni betur tilgangi sínum sem ferðamannavegur. Umhverfisstofnun telur að slóð teljist frumstæður vegur með takmarkaðri burðargetu. Námuvegur að grjótlutningum loknum getur vart talist slóð.

### Námur á Seljalandsheiði

Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort efnistaka úr aurkeilu við Merkgil gæti hentað vegna uppbyggingar námuvegjar þar sem tiltölulega auðvelt ætti að vera að ganga frá að efnistöku lokinni og fella efnistökusvæði að óröskuðu landi.

### Grjótnáma

Í frummatsskýrslu er gerð góð grein fyrir hvernig fyrirhugað er að ganga frá vinnslustáli í grjótnámunni. Í stað þess að leggja fram ítarlega áætlun um aðlögun námusvæðisins að landi er í frummatsskýrslu gert ráð fyrir að ákvarðanir um þessi atriði verði tekin á framkvæmdatíma í samráði við hlutaðeigandi aðila. Ákveðin óvissa er óhjákvæmilega bundin grjótnámi af því tagi sem hér um ræðir sem gerir það að verkum að erfitt er að spá nákvæmlega fyrir um framvindu efnistökkunnar. Umhverfisstofnun telur að fyrrnefnt samráð getið komið í stað nákvæmrar áætlunar um endanlegan frágang námusvæðisins. Stofnunin telur að með góðum frágangi sé unnt að draga verulega úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistökkunnar.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvort ástæða þyki til að geyma stórgrýti á lager nærri Bakkafjörühöfn að framkvæmdum loknum eða hvort ástæða sé talin til að skilja eftir ófrágengið stál í grjótnámunni ef ráðast þarf í viðhald eða viðgerðir á grjótgörðum. Ef lagera veður efni telur Umhverfisstofnun að slíkt eigi að gera við Bakkafjöru en ekki á námusvæði á Seljalandsheiði til að draga sem mest úr raski á lítt snortnu svæði uppi á heiðinni.

Í frummatsskýrslu segir m.a. um umhverfisáhrif grjótnámsins: „*Námuvinnsla í námu C kemur óhjákvæmilega til með að hafa áhrif á ankaramíthraunið, en þau áhrif eru staðbundin og þarna er ekki verið að raska viðkvæmum gígum eða merkum náttúruumhverfinum.*“ Umhverfisstofnun er ekki sammála framangreindri fullyrðingu. Stofnunin veur veur athygli á að ankaramíthraun eru með sjaldgæfari gerðum hrauna hér á landi. Umhverfisstofnun telur því að fara þurfi með varkárni í framkvæmdir í og við ankaramíthraunið og raska því eins lítið og kostur er.

Fyrirhugað námasvæði og slóðir eru á svæði sem hverfisverndað samkvæmt aðalskipulagi Rangárfings eystra m.a. vegna fjölbreytts landslags. Bæði vegslóðinn og námurnar valda raski á ósnortnu víðerni samkvæmt skilgreiningu laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að öllu raski verði haldið í lágmarki og að farið verði að tilmælum stofnunarinnar um verklag.

### Námur í farvegi Markarfljóts

Í frummatsskýrslu koma fram ábendingar frá veiðimálastofnun þess eðlis að efnistaka í farvegi Markarfljóts verði úr malareyrum til að minnka rask á botni árinna og þar með áhrif á fisk og smádyr. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þessa tilfærslu efnistökusvæða ef gert verði ráð fyrir að áin geti runnið um efnistökusvæðin og eytt ummerkjum efnistökkunnar. Stofnunin telur að beina eigi efnistökkunni fyrst og fremst á gróðurlaus og gróðurminni svæði.

### BAKKAUFJÖRUHÖFN

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við hafnargerðina sem slíka. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í líflausri sandfjöru sem er undir verulegu álagi sökum ölduróts. Höfnin mun ekki hafa áhrif á setflutninga með ströndinni. Umhverfisstofnun telur að hér sé um

afturkræfa framkvæmd að ræða. Gildir þá sennilega einu hvort mannvirkið verði fjarlægð eða hvort hafið og sandurinn verði látin ein um að gera mannvirkið að hluta fjörunnar.

## VEGAGERÐ

### Tenging frá núverandi þjóðvegi að Bakkafjöruvegi

Í frummatsskýrslu er fjallað um tvo valkosti A og B á þessari leið. Í skýrslu náttúrufræðistofnunar Ísland kemur fram að leið A liggi um mun minna gróið land en leið B og því sé leið A betri kostur hvað áhrif á gróður varðar. Enn fremur telur stofnunin að fuglalíf á leið A sé væntanlega miklu minna en á leið B og áhrif leiðar A á fuglalíf því minni. Umhverfisstofnun tekur undir álit Náttúrufræðistofnunar Íslands að leið A teljist betri valkostur varðandi tengingu frá núverandi þjóðvegi að fyrirhuguðum Bakkafjöruvegi.

### Bakkafjöruvegur nr. 254

Fyrirhuguð veglína Bakkafjöruvegar liggur um svæði nr. 719 á náttúrumnjaskrá, *Tjarnir og Tjarnanes*. Í náttúruminjaskrá er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt: „*Tjarnir og Tjarnarnes, V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1.) Að austan liggja mörk svæðisins um Markarfljót og að vestan um Ála. (2.) Gróður og dýralíf. Mólendi og votlendi mikið fuglavarp.*“ Svæði Markarfljótsaurar – Tjarnarnes (H10) nýtur einnig hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi Rangárpings eystra (H10) vegna ríkulegs fuglalífs, einkum skúmsvarps. Ákvæði hverfisverndar eru þau að halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Þá eru Markarfljótsaurar á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Alls er um að ræða um 105 km<sup>2</sup> svæði sem nær yfir víðáttumikið svæði norðan Hringveggar 1 og teygir sig síðan milli Markarfljóts og Ála til sjávar. Helsta forsenda þess að svæðið er á listanum er mikið og óvenju þétt kjóavarp á svæðinu. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands segir m.a.: „*Þéttleiki verpanði spóa á efri hluta þess (ofan Hringveggar, Einar Ólafur Þorleifsson, munnl. upplýsingar) er sá mesti sem mælst hefur hér á landi (42 pör/km<sup>2</sup>). Neðan Hringveggar 1, þ.e. á áhrifasvæði nýs Bakkafjöruvegar, virðist þéttleikinn vera mun minni (sbr. 11 töflu). Þá mun vegur samkvæmt tillögu 2 sneiða að mestu hjá kjörlendi spóa. Þess má geta að spóinn er ein þeirra tegunda sem Íslendingar eru taldir bera sérstaka ábyrgð á þar sem stór hluti af heimsstofni hans er talinn verpa hér á landi.*“

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að engin sjaldgæf gróðurfélög hvorki á lands- né héraðsvísu er að finna á kortlagða svæðinu meðfram veglínunum Bakkafjöruvegar nr. 254. Náttúrufræðistofnun Íslands telur að lagning Bakkafjöruvegar sé varla í samræmi við markmið sveitarfélagsins varðandi hverfisvernd eins og þau eru skilgreind í aðalskipulagi. Ennfremur er talið að veglagningin muni skerða náttúruverndargildi svæðisins að því er tekur til víðerna og ósnortins lands.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að lagning Bakkafjöruvegar gæti haft mikil neikvæð áhrif á grágæsir við Markarfljót, m.a. vegna þess að vegurinn mun rjúfa tengsl fljótsins og vesturbakka þess.

### Valkostir

Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um fleiri valkosti varðandi legu Bakkafjöruvegar. Umhverfisstofnun hefur á fyrri stigum bent á þann möguleika að nýta í þessu skyni hluta Hólmabæjarveggar og þar sem vikið yrði frá þeim vegi lægi nýr vegur gróflega á mörkum ræktaðs lands að Bakkafjöru. Þessi leið hefur þá kosti að vera utan svæðis á náttúruminjaskrá og núverandi mannvirkjabelti yrði nýtt. Líklega er hér um styttri leið að ræða, þar sem ekki þyrfti að aka eins langt í austur og gert er ráð fyrir samkvæmt leið 1, enda má gera ráð fyrir

að stærstur hluti umferðar um Bakkafjöruveg komi að vestan. Ekki mun vera vegtæknilega mikill munur á því að leggja veg á þessum stað eða samkvæmt leið 1.

## LANDSLAG

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að landslagsgreining virðist notuð til að skilgreina samspil landslags og mannvirkja þar sem staðsetning mannvirkja virðist hafa ráðist af tæknilegum ástæðum. Umhverfisstofnun telur að nýta ætti fyrrnefnda aðferðafræði m.a. við ákvörðun á heppilegustu staðsetningu mannvirkja en ekki til að réttlæta staðsetningu mannvirkja eins og tilhneiging virðist til í umræddri frummatsskýrslu.

## MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er hugtakið mótvægisáðgerðir skilgreint á eftirfarandi hátt: „*Aðgerðir sem ekki eru nauðsynlegur hluti framkvæmdar en gripið er til á hönnunartíma, framkvæmdatíma eða að loknum framkvæmdum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif sem framkvæmd kann að hafa í för með sér.*“

Umhverfisstofnun telur með að eftirfarandi atriði sem talin eru til mótvægisáðgerða í frummatsskýrslu geti ekki talist mótvægisáðgerðir samkvæmt ofangreindri skilgreiningu.

1. „Efnistökusvæði við námu C verður afmarkað til aðhalda raski í lágmarki.“ Ekki kemur fram á hvaða hátt þessi afmörkun greinir sig frá afmörkun sambærilegra efnistökusvæða í öðrum framkvæmdum.

2. „Við uppbyggingu vegslóða verður núverandi slóða fylgt eins og kostur er.“ Uppbygging/endurbygging felur í sér styrkingu eða lagfæringu þess mannvirkis sem fyrir er. Í þessu tilfalli núverandi slóða.

3. „Sá hluti Markarfljótsaura sem lendir í skjóli Bakkafjöruvegur **mun líklega gróa upp** og vega þannig að einhverju leyti á móti þeirri skerðingu sem verður á gróðri og jarðvegi vegna vegarins.“ Hugsanlega möguleg gróðurframvinda án íhlutunar getur ekki talist til mótvægisáðgerða.

4. „Fuglum verður auðveldað að skjóta sér yfir vegi með því að hafa fláa eins flata og kostur er.“ Á bls. 37 í frummatsskýrslu eru tilgreindar ástæður þess að æskilegt er talið að fláar séu 1:3 eða flatari. Hér virðist því um nánast hefðbundin vinnubrögð við framkvæmdir að ræða fekar en sértækar aðgerðir.

5. „Varnargarðar munu nýtast snjótittling sem búsvæði.“ Umhverfisstofnun vekur athygli á að umræða um landnám lífvera í grjótgörðum fór á sínum tíma fram vegna framkvæmda Vegagerðarinnar í Kolgrafafirði. Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar var kærður til umhverfisráðherra og fólst athugasemdir m.a. í því að grjótnargarðar hefðu áhrif á búsetuskilyrði minka þar sem garðarnir væru ákjósanleg heimkynni fyrir þá. Umhverfisráðherra setti það sem skilyrði fyrir framkvæmdinni í úrskurði sínum að Vegagerðin léti gera könnun á þéttleika minks í nágrenni vegfyllingarinnar áður en framkvæmdir hæfust og að fylgst yrði með breytingum á þéttleikanum og nálægum æðarvörpum í fimm ár eftir að framkvæmdum lyki. Réttast væri að rannsaka hvort fyrrnefnd fullyrðing um not snjótittlings af varnargörðum eigi við rök að styðjast og að gerðar verði sambærilegar rannsóknir og farið var í til að sannreyna ábendingar um að grjótnargarðar séu ákjósanleg búsvæði fyrir mink.

Umhverfisstofnun telur að fyrrnefnd dæmi eigi vart heima í frummatsskýrslu og séu ekki til þess fallin að gera umfjöllun um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar markvissari eða gagnlegri.

## NIDURSTAÐA

### Bakkafjörühöfn

Umhverfisstofnun telur að gerð hafnarinnar muni hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér vegna lítilla áhrifa á náttúrufar og setflutinga og afturkræfni mannvirkisins.

### Grjótnám á Seljalandsheiði


Umhverfisstofnun telur að með því að halda efnisnotkun við styrkingu námuvegar í lágmarki og góðum frágangi vegarins í verklok megi draga verulega úr sjónrænum áhrifum námuvegarins. Draga má verulega úr áhrifum efnistöku vegna vegagerðarinnar með því að velja þann efnistökuastað þar sem auðveldast verður að aðlaga efnistökusvæðið að landi. Stofnunin telur að draga megi verulega úr sjónrænum áhrifum grjótnáms með þeim aðferðum sem ráðgert er að viðhafa við frágang vinnslustáls og því samráði sem ráðgert er að hafa á framkvæmdatíma sem felur í sér að endanleg áætlun um frágang námusvæðisins verði gerð þegar ljóst verði hvernig náman vinnst í raun. Umsögn um áhrif þessara verkþátta er gefin í trausti þess að vandað verði til frágangs þeirra verkþátta sem hér um ræðir. Gróðurfar á fyrirhuguðu efnistökusvæði einkennist af gisnum mosagróðri. Svæðið er frekar illa gróið og einsleitt.

Fuglalíf á fyrirhuguðum efnistökusvæði er talið fábreytt og talið er að áhrif námuvinnslunnar á fuglalíf verði lítil.

**Bakkafjöruvegur:** Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á að nýta þau mannvirki og mannvirkjabelti sem fyrir eru sé þess nokkur kostur í stað þess að taka ný svæði til mannvirkjagerðar. Stofnunin telur að fyrirhuguð lagning Bakkafjöruvegar gæti haft neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni svæðis á náttúruminjaskrá. Stofnunin ítrekar þá skoðun sína að leggja ætti Bakkafjöruveg utan svæðis nr. 719 á náttúruminjaskrá. Beðist er velvirðingar á því hvað dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt,

  
Björn Stefánsson



Hjalti J Guðmundsson  
forstöðumaður